

## 1. fundur skólaráðs skólaárið 2024-2025 - 2. október kl. 14:15

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Inga Rakel Ísaksdóttir, Hákon Fannar Ellertsson, Hilmar Mikael Þorsteinsson, og Sigríður Sverrisdóttir.

Stefán Hrafn Stefánsson, Steinunn Laufey Skjöldal og Móeiður Alma Gísladóttir boðuðu forföll.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Inga Rakel Ísaksdóttir

### 1. Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin

Nýir fulltrúar í skólaráði boðnir velkomnir, en það eru þau Hilmar Mikael Þorsteinsson sem er nýr fulltrúi nemenda og Sigríður Sverrisdóttir sem er nýr fulltrúi grenndarsamfélagsins.

Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin og samþykkt samhljóða.

### 2. Skipulag og áherslur skólaársins

Sama upplegg og undanfarin ár. Þrír námshópar, skipt eftir stigum, kennarateymi skipuleggur og framkvæmir kennslu í samstarfi, og skiptir í minni hópum eftir því hvernig hentar hverju sinni. 80 mínútna lotur, nema 40 mínútna morgunstud, skóli frá 8:20 - 14:00 alla daga.

Skólaárið fer vel af stað, góður andi í öllum hópum og meiri ró en undanfarin misseri. Mikilvægt að halda vel á spöðunum svo þannig megi vera áfram, t.d. með því að bjóða upp á fjölbreytt og spennandi verkefni, sýna hvert öðru virðingu og áhuga og hafa bjartsýni og gleði að leiðarljósi í skólasterfinu.

Spennandi verkefni í gangi á miðstiginu, sem hlaut styrk úr Sprotasjóði. Rithöfundur sem vinnur með hópnum og kennurum og stefnan er að opna bókabúð barnanna á Grenivík í desember, þar sem frumsamin ritverk og fleira verður til sölu.

Starfsmannamál í ágætum málum. Kemur leiðbeinandi inn á yngsta stig núna í október og þá erum við orðin fullmönnuð fyrir veturinn. Þrír starfsmenn í eldhúsi, sjá um matseld fyrir skólann, leikskólann og Grenilund, auk þess að sjá um heimilisfræðikennslu og valgrein. Gengur vel.

### 3. Skóladagatal / viðburðir vetrarins

Hefðbundið skóladagatal; starfsdagar, jólafrí, vorskemmtun og fleira. Ákveðið var að hafa aftur vetrarfrí í kringum öskudag. Fjölmenningsvika í maí.

#### **4. Starfsáætlun 2024-2025**

Áætlunin er/verður aðgengileg á heimasíðu skólans og eru þar allar helstu upplýsingar um skólann og hans starfsemi. Sem dæmi eru upplýsingar um starfsmannamál og teymiskennsluna.

#### **5. Fjárhagsáætlun 2025 og staða áætlunar 2024**

Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs fer að hefjast. Útlit fyrir að skólinn verði áfram á svipuðu róli og geti því haldið í horfinu hvað varðar kennslustundafjölda og þvíumlíkt. Verið að skoða möguleikann á að efla stoðþjónustu inni í skólanum, t.d. með því að ráða iðjuþjálfra, þroskaþjálfra eða sérkennara til starfa, mögulega í samstarfi við leikskólann. Er í skoðun. Reynt verður að halda í horfinu hvað varðar vöru- og tækjakaup. Styrkir hafa hjálpað mikið til við tækjavæðingu á undanförunum árum og bættust t.d. ný sjónvörp við nú í haust, Sænes veitti styrk.

Áætlun ársins 2024 virðist ætla að ganga upp án stórvægilegra frávika. Launaliðurinn, sem er langstærsti einstaki liðurinn á áætluninni, virðist vera í þokkalegu jafnvægi sem skiptir mestu máli. Aðrir liðir eru aðeins upp og niður, og verður reynt að stilla þá af eftir þörfum. Enn verið að stilla t.d. mötuneytisliðinn af, þar koma millifærslur frá Grenilundi og Krummafæti á móti kostnaði.

#### **6. Framkvæmdir**

Endurbætur á skólalóð héldu áfram í sumar, settar plöntur, hellulagt og fleira. Á eftir að ganga frá girðingum við enda körfuboltavallar og smá lokafrágangur annar, en allt að koma. Áfram tækifæri á næstu árum að bæta við hlutum á borð við hjólageymslu, bekkjum og öðru á útisvæði, og jafnvel fleiri leiktækjum á borð við aparólu og hjólarömpum. Tekur allt tíma og kostar sitt.

Einnig farið í að setja nýja glugga í matsal, mikil breyting og vel heppnuð. Haldið verður áfram að skipta um glugga í áföngum. Þakskyggni endurnýjað í sumar. Endurbætur á kaffistofu starfsfólks vel heppnaðar. Áfram margt sem er framundan, kerfisloft/loftræsting/lýsing etc. víðast hvar í húsinu, salerni starfsfólks og salerni niðri, þak á íþróttahúsi og svo mætti áfram telja.

#### **7. Önnur mál**

##### **a. Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun**

Er ekki enn fullkláruð, þar sem enn eiga eftir að berast niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni. Annars er í þessari skýrslu farið yfir helstu þætti í innra mati skólans og lagðar fram tillögur til úrbóta. Sem fyrr er það svo aðalmálið hvernig þessar niðurstöður eru nýttar til að efla skólastarfið, og verður reynt að skoða það jafnt og þétt í vetur og ræða mögulegar úrbætur.

**b. Reglur um farsíma- og snjalltækjanotkun í Grenivíkurskóla - umræður**

Nýjar reglur tóku gildi í upphafi árs og ákveðið að halda þeim á nýju skólaári. Hefur gengið vel, vonum framar jafnvel, og starfsfólk telur ekki ástæðu til að breyta reglunum frekar. Hilmar telur að nemendur séu heilt yfir nokkuð ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15:22.